

4. fundur verkefnisstjórnar AST 8. desember 2011 kl. 13 í fundarherbergi AFLs á Egilsstöðum

Mætt: Rögnvaldur Ólafsson, Valdimar O. Hermannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Auður Ingólfssdóttir, Davíð Baldursson, Skúli Björn Gunnarsson, Stefán Bogi Sveinsson og Stefanía G. Kristinsdóttir. Sverrir Mar Albertsson hafði boðað forföll.

Dagskrá:

- Fundargerðir verkefnisstjórnar, undirritun og yfirferð
- Staða verkefnis, hringurinn farinn – fréttir af fundum ÞNA og ÞFA ofl.
- Fjárhagsáætlun AST
- Fundur með Nýsköpunarmiðstöð
- Samþykkir fyrir AST
- Ráðning framkvæmdastjóra
- Fundir/samskipti við hagsmunaaðila og starfsmenn
- Önnur mál

Fundargerðir samþykktar og undirritaðar.

Staða verkefnis: Verkefnisstjóri fer yfir það sem unnið hefur verið í síðan á síðasta fundi, leggur fram samantekt á glærum sem liggur fyrir á dropboxinu. Farið var yfir helstu viðburði og verkefni sem unnið hefur verið að síðan á síðasta fundi.

Kynntar eru umræður í stjórn ÞNA samanber framlagt minnisblað það helst sem kom fram eru efasemdir um skipun í stjórn, óróleiki meðal starfsmanna og mikilvægt að skýra betur fjárhagsstöðu nýrrar stofnunar.

Haldinn var stjórnarfundur hjá ÞFA í síðustu viku. Þar var reifað hvort verkefnisstjórn AST hafi lagalega heimild til þess að ráða framkvæmdastjóra og setja fram launaramma, áður en ný stjórn og framkvæmdastjóri tekur til starfa. Aukaaðalfundur ÞFA verður 16. desember, ákveðið að leggja til að félaginu verði slitið og að fastafjármunir renni inn í nýja stofnun. Í ályktun stjórnar ÞFA sem lögð verður fyrir aukaaðalfund er lagt til að um 4 stöðugildi verði að ræða í atvinnuþróun í nýrri stofnun með vísan í samning við Byggðastofnun, ekki fullkomin eining um þessa ályktun í stjórn. Stefán Bogi vitnar í umræðu á stjórnarfundum ÞFA um fjölda stöðugilda í atvinnuþróun, telur markamiðið með þeirri ályktun sé að ekki að það verði skilyrði heldur fremur eitthvað sem stefnt væri að. Arnbjörg kom inn á að hún hefði setið í undirbúningsstjórn ríkisstofnunar og sú stjórn réði framkvæmdastjóra.

Skúli hefur beðið með stjórnarfund Markaðsstofunnar þar til línur í AST verkefninu skýrðust. Fór yfir málefni Upplýsingarmiðstöðvar með framkvæmdastjóra. Niðurstaða þess fundar að það væri mjög mikilvægt að UM fylgdi með Markaðsstofunni inn í þessa sameiningu sem sérstök rekstrareining. Meginrök að um er að ræða landshlutamiðstöð, ríkið treystir betur þeim er starfa á fjórðungsvísu fyrir rekstri UM auk þess er UM tengiflötur við ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Viljum halda þessum tengingum inni og UM er óbeinn lykill að því.

Fjárhagsáætlun: Verkefnisstjóri fer yfir áætlun sem vistað er á Dropbox með þeim fyrirvörum sem gerðir eru á henni. Farið yfir fjárhagsáætlun, sjá athugasemdir inn í áætlun. **Óskað eftir nánari útlistun á sérverkefnum og sértekjum frá ÞFA, ÞNA og MA, verkefnisstjóri mun kalla eftir þeim gögnum frá framkvæmdastjórum og setja niður bakgrunnsgögn.** Farið yfir skilgreiningar á störfum og hugmynd að launatöflu, fram kemur að forsendur í fjárhagsáætlun eru fyrst og fremst til að auðvelda fjárhagsáætlanagerð og varpa ljósi á þau álitæfni í starfsmannamálum sem taka þarf tillit til. Mikilvægt að eitt að fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra verði að ráðast í starfsmat og mótun launa- og starfsmannastefnu.

Samstarf við sveitarfélögin og þjónustusamningur. Varðandi samstarf og mögulega aðkomu sveitarfélaga að nýrri stofnun, sbr. áætlun er snerti fjárframlög vegna ólíkra starfsstöðva, kemur fram ef störf ferðamálafulltrúa sveitarfélagana yrðu færð inn í sameinaða stofnun þá fylgi samhliða kaup á ákveðinni þjónustu frá stofnuninni og þar með tekjur, en ekki er gert ráð fyrir þeim tekjum í fjárhagsáætlun. Jafnframt kom fram að ekki væri endilega víst að Norðaustur fjármagn renni inn í nýja stofnun nema þá í gengum samninga við sveitarfélögin. Mikilvægt að fara fljótlega að vinna að samningum við sveitarfélögin. Sveitarstjórnarmenn eru almennt jákvæðir fyrir því að ákveðin verkefni færist yfir til nýrrar stofnunar en jafnframt tvístígandi um að fjármagnið fari þá af þeim svæðum sem því er ætlað að þjóna. Auk þess sem ákveðinn óróleiki er meðal þeirra starfsmanna sem gætu flust yfir. Fram kemur að Fljótshálfurinn hafi í huga á sínum tíma að vista atvinnuþróunarfylltrúa hjá ÞFA en gekk ekki upp þar sem það starf var sameinað öðru starfi. Verkefnisstjórn velti fyrir hvort ekki þurfi að skilgreina hvaða starfsmenn eigi heima undir viðkomandi stofnun og hverjir hjá sveitarfélaginu. Hugsu mætti sér að starfsmenn með stjórnsýsluhlutverk (stefnumótun og áherslur) verði hjá sveitarfélögum en að framkvæmdahlutverkið verði hjá nýrri stofnun sem sveitarfélagið geri þá samning við um ákveðin verkefni. Starfsmenn ólíkra nefnda og sviða hjá sveitarfélaginu væru þá tengiliðir við nýja stofnun. **Verkefnisstjóra falið að vinna drög eða ramma fyrir samninga við sveitarfélögin fyrir næsta fund.**

Fundur með Nýsköpunarmiðstöð: Valdimar fer yfir umræður á fundinum en fljótt kom í ljós að ekki var í boði að ný stofnun myndi ekki taka yfir starfsemi NMI, möguleiki sem var reifaður á Gráa kettinum, heldur yrði unnin samstarfssamningur. Elvar upplýsti á fundinum að um áramót yrði gefin út einhverskonar rammi um það hvað gert yrði varðandi endurskipulagningu á stoðkerfi atvinnulífsins. Fram kemur að í starfshópnum er enginn fulltrúi atvinnuþróunarfélagana er í hópnum, mikilvægt að koma sjónarmiðum varðandi dreifsetningu að hjá starfshópnum. **Verkefnisstjórn samþykkti að óska eftir því að kynna AST verkefnið fyrir starfshópnum og ræða hvort og með hvaða hætti það tengdist nýrri stefnu stjórnvalda um samþættingu.** Mikilvægt að áhrif og aðkoma heimamanna sé tryggð að starfi NMI á landsbyggðinni, óskastaða væri að NMI feli heimamönnum þjónustu í héraði sem verði í góðum tengslum við NMI og nyti þekkingar og þjónustu frá þeim.

Fram kemur fyrirspurn um af hverju Náttúrustofan sé ekki tekin með inn í þessa sameiningu, fellur vel að þessari starfsemi. Kemur fram að það var skoðað á sínum tíma og það hafi ávallt verið hugmyndin að fleiri stofnanir geti komið inn í starfsemina í framtíðinni.

Samþykktir fyrir AST: Farið er yfir drög að samþykktum sem framkvæmdanefnd hefur unnið að. Álitamálin eru; hvernig aðild eigi að vera, hverjir eigi að vera stofnaðilar, er möguleiki á annarskonar aðild

hagsmunaaðila, hvernig getum við tryggt tengsl við grasrótina og þekkingarstofnanir geti komið að þróun nýrrar stofnunar? Spurt var hvort ekki væri eðlilegt að fyrirtæki geti orðið stofnaðilar þegar ný stofnun hefur það sem eitt af sínum meginmarkmiðum að þjónusta fyrirtæki. Stofnaðilar verða bara til einu sinni en fjölbreyttur hópur hagsmunaaðila er breytilegur. Sjálfseignastofnun á sér sjálf og vægi stofnaðila er ekki mikið. Fundarmenn almennt á því að stofnaðilar séu heildarsamtök en að hagsmunaaðilar séu breiðari og breytilegri hópur. Mikilvægt að það þurfi ekki á nokkurra ára fresti að taka upp skipulagsskránnu. Vangaveltur um hvort æskilegt sé að Stofna samtök atvinnulífsins á Austurlandi þar sem áhugi á slíkum samtökum er ekki að koma frá atvinnurekendum sjálfum eða Samtökum atvinnulífsins (SA). Þegar til sérstök samtök ferðapjónustunnar sem eru inn í Samtökum ferðapjónustunnar (SAF) og SA. **Verkefnisstjóra falið að leita eftir upplýsingum hvernig samtök í öðrum landshlutum hafa virkað sem og leita eftir afstöðu og tengingum slíkra landshlutasamtaka við SA.**

Varðandi aðkomu háskólana að nýrri stofnun þá er ekki líklegt að samtök þeirra geti verið stofnaðilar, enda engin slík samtök til, en hægt væri að fela þeim að koma sér saman um fulltrúa í stjórn t.d. í gegnum rektorafundi.

Ráðning framkvæmdastjóra: Rætt er um bókun í fundargerð þFA um umboð til ráðningar framkvæmdastjóra sem eðlilegan hluta af undirbúnings að stofnun nýrrar stoðstofnunar. Verkefnisstjórn er með umboð frá öllum þeim sem koma að viðkomandi stofnun og sækti því umboð sitt þangað. Stjórnarfundarbókanir fyrir því að fulltrúar í verkefnisstjórn séu fulltrúar viðkomandi stofnana.

Niðurstaða fundarins að verkefnisstjórn telji sig hafa umboð frá stjórnun tilnefningaraðila til að fara í ráðningu framkvæmdastjóra. Leitað verður eftir staðfestingu stjórna samstarfsaðila á því áliti verkefnisstjórnar. Horft er til þess að auglýsa starfið í jólablöðum, milli jóla og nýjárs, eftir að rætt hefur verið við baklandið.

Fundir og samskipti við hagsmunaaðila: Fram kom að verkefnisstjóri sótti fund hjá starfsmönnum þNA og mun með samþykki verkefnisstjórnar fara á sambærilegan fund hjá þFA næstkomandi mánudag. Búið er að mynda stýrihóp Markviss verkefnis en í honum sitja, Emil, Hrund, Sigrún Lóa og Ásta Kristín, sá hópur mun hittast í næstu viku.

Önnur mál:

Húsnæðismál: Borið upp erindi Halldórs varðandi húsnæði í Kaupvangi sem áður hýsti skrifstofur Kaupfélagsins. Verkefnisstjórn tekur ekki afstöðu til mála sem þessara. Stefán Bogi fer yfir stöðu Vísindagarðsins og leggur fram að húsnæði VG á Egilsstöðum og þar er vilji til þess að ný stofnun verði til húsa.

Næsti fundur verkefnisstjórnar: Markmiðið með breyttum tímaplönnum að halda áfram af fullum krafti þannig að þau gögn sem nauðsynleg væru fyrir samrunaáætlun væru tilbúin fyrir jól, er líklegt að það gangi? Horft til þess að vera með fund framkvæmdanefndar á mánudaginn og klára drög að skipulagsskrá. Stefnt að næsta fundi verkefnisstjórnar næstkomandi fimmtudag 15. desember kl. 13.

Fundi slitið 15:20.